

Alþingi
Erindi nr. P 143/1215
komudagur 10.3.2014

Eftirfarandi var bókað vegna erinda ykkar á 145. fundi byggðaráðs Bláskógabyggðar þann 27. Febrúar 2014.

217. mál til umsagnar frá nefndarsviði Alþingis; frumvarp til laga um skipulags- og mannvirkjamál á Reykjavíkurlugvelli.

Byggðaráð gerir alvarlegar athugasemdir við þá grunnhugsun sem fram kemur í frumvarpinu, þ.e. að skipulagsvald skuli tekið af viðkomandi sveitarfélagi með löggjöf sem þessari. Með þessum hætti er stigið skref sem almennt mætti óttast sem fordæmisgefandi. Þarna er vegið freklega að sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga og getur byggðaráð Bláskógabyggðar ekki með nokkrum hætti sætt sig við slíkar aðgerðir. Afstaða Bláskógabyggðar gagnvart Reykjavíkurlugvelli standa óbreyttar og telur byggðaráð Bláskógabyggðar farsælla að unnið verði að framtíðarsýn þessa svæðis á grundvelli gildandi skipulagslaga.

276. mál til umsagnar frá nefndarsviði Alþingis; tillaga til þingsályktunar um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum.

Byggðaráð gerir engar athugasemdir við kynnta þingsályktun.

277. mál til umsagnar frá nefndarsviði Alþingis; tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi.

Byggðaráð gerir athugasemdir við þá hugmyndafærði sem felst í þingsályktuninni, þ.e. þessum almennu takmörkunum á ráðstöfunarrétti eigna. Slíkar almennar reglur geta haft verulega þyngjandi áhrif á landeigendur og takmarkar frelsi einstaklingsins miðað við gildandi lög. Slíkar takmarkanir geta einnig stuðlað að verðrymnun eigna og er löggjöf sem getur haft svo afdrifaríkar afleiðingar ekki tækar og mjög varasamar að mati byggðaráðs Bláskógabyggðar.

Þessar afgreiðslur byggðaráðs var síðan staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 6. mars 2014

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa pósts.

kveðja
Sigurrós H Jóhannsdóttir
Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs
Bláskógarbyggð
sigurros@blaskogabyggd.is